

Alþingi  
Erindi nr. P 130/379  
komudagur 1.12.2003

Samtök fiskvinnslustöðva  
Borgartúni 35  
105 Reykjavík.

26. nóvember 2003  
Sjávarútvegsnefnd Alþingis  
150 Reykjavík.

Samtök fiskvinnslustöðva ítreka fyrri andstöðu sína við hugmyndir um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja sem fram koma í þingsályktunartillögu. Guðjóns A. Kristjánssonar og Jóhanns Ársælssonar alþm.

Við teljum að slíkar breytingar gætu á skömmum tíma orðið til þess að minnka atvinnuöryggi í fiskvinnslu og möguleika sjávarútvegsfyrirtækja til útrásar í framtíðinni. Rekstur sjávarútvegsfyrirtækja krefst mikillar skiplagningar jafnt í veiðum, vinnslu og markaðssetningu afurðanna. Rofni þessi keðja er afkoman í hættu. Sjávarútvegur á ekki og má ekki snúast nær eingöngu um ráðstöfun fiskaflans.

Á seinni árum hefur sú þróun verið ríkjandi hér á landi að fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sameinast og stækkað. Á sama tíma hefur öflug starfsemi innlendra fiskmarkaða stuðlað að viðgangi fjölmargra minni fiskvinnslufyrirtækja.

Á sama tíma hefur norsk fiskvinnsla átt í miklum rekstrarerfiðleikum. Að margra mati er orsakanna að leita til aðskilnaðar veiða og vinnslu. Norsk fiskvinnsla hefur farið halloka í samkeppni um hráefni við fyrirtæki í lágláunalöndum. Það er því rík ástæða til þess að vera á varðbergi og afhafast ekkert sem geti orðið til þess að veikja samkeppnisstöðu íslensks sjávarútvegs.

Virðingarfyllt  
Fh. Samtaka fiskvinnslustöðva

Arnar Sigurmundsson, form.